



Alþingi
Erindi nr. P 143/222
komudagur 15.11.2013

Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Selfossi, 13. nóvember 2013
1311017HS MBG

Efni: Umsögn vegna tillögu um þingsályktun um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra. – 96. mál

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga og reglna með tilliti til myglusveppa og tjóns af völdum þeirra.

Tekur embættið undir að leita þarf leiða til að fyrirbyggja vandamálið, draga úr rakaskemmdum og þ.a.l. lágmarka mögulega myndun myglu.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands gerir ekki athugasemdir við að skipaður verði starfshópur sem taki til endurskoðunar lög og reglur á sviði byggingarmála með tilliti til myglusvepps eins og kemur fram í þingsályktunartillögunni sjálfri.

Hins vegar vill embættið koma á framfæri eftirfarandi ábendingum/athugasemdum varðandi mögulega vinnu slíks starfshóps, hverju vinnunni sé ætlað að skila og tilgangi starfshópsins, sbr. greinargerð með tillögunni.

- Auka má eftirlit með byggingarefni og vottun þess, jafnframt auka ábyrgð byggingarstjóra og þeirra sem hafa aðkomu að húsnæði í byggingum. Einnig má skerpa á ábyrgð byggingarfulltrúa. E.t.v. mætti skoða að lengja tryggingu byggingarstjóra eftir lokaúttekt á húsnæðum. Jafnvel mætti skoða að auka endurmenntun smiða vegna raka/mygluskemmda í húsnæðum.
- Jafnframt má efla fræðslu til almennings um myglu og raka í húsnæðum þar sem að almenn umfjöllun er oftast en ekki neikvæð. Almenn fræðsla um nauðsyn á



loftræstingu er brýnög efla þarf vitund fólks um að raki í húsnæði sé óæskilegur og getur kallað á vandamál og mikilvægi góðrar loftunar í húsnæðum.

- Í greinargerðinni er oft minnst á rétt leigjenda og ábyrgð eigenda, hönnuða ofl. Hins vegar er hvergi minnst á rétt eigenda gagnvart leigendum því, eins og kemur fram í greinargerðinni, er ma. helsta ástæða sveppamyndunar, léleg loftræsting. Það er reynsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands að rekja megi helstu ástæðu rakaskemmda í húsnæði til umgengnis íbúa, ma. lélegrar loftræstingar.
- Það yrði mjög vandmeðfarið að ætla að bæta tjón einstaklinga vegna „sveppasýkts“ húsnæðis. Mjög auðvelt er að skemma/eyðileggja húsnæði, bæði með lélegu viðhaldi, rakahvetjandi umgengni (td. þurrkun á þvotti, lokaðir gluggar oph.) og af ásetningi – hver er réttur fólks þá? Koma yrði í veg fyrir misnotkun á tjónsbótum, verði þær á annað borð að veruleika.
- Í greinargerðinni kemur fram að opinberir eftirlitsaðilar eigi erfitt með að að meta húsnæði óíbúðarhæft vegna myglu vegna skorts á opinberum viðmiðum. Þessu er Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ósammála. Skoðun á húsnæði er í öllum tilvikum matskennd þar sem gilda almennar kröfur um ma. birtu, loftræstingu og upphitun. Opinber viðmið er einnig að finna varðandi helstu þætti er valda myglusveppavexti, eins og td. raka- og hitastig, opnanlega glugga og loftræstingu í lokuðum rýmum. Oftar en ekki er hægt að ráðast í lagfæringar á húsnæði áður en það er metið óíbúðarhæft. Hins vegar getur verið þrýstingur frá leigendum/eigendum að meta viðkomandi húsnæði óíbúðarhæft, ma. til að losna undan leigsamningi eða leigendum. Ef jafnframt verður mögulegt að sækja sér bætur vegna þess, er það til þess fallið að ýta undir óæskilega hegðun í umgengni við húsnæði. Ekki á að vera „auðvelt“ að dæma húsnæði óíbúðarhæft og það að búa til frekari opinber viðmið en þau sem nú eru til geta verið vandmeðfarin.
- Líkt og kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni þá er myglu/myglugró allsstaðar að finna. Túlkun á niðurstöðu sýnatöku um að mygla/myglugró séu til staðar, er því vandasöm enda segir niðurstaðan ekkert nema hvernig loftgæðin eru þá stundina í húsnæðinu. Sýnatöku verður því líka að framkvæma í umhverfinu, efnivið osfrv.

Raki og rakamyndun er því sýnilegasta dæmið um mögulega tilvist myglu/myglugróa og byggir að mestu á sjónmati umfram sýnatöku. Rétt er að



benda á að eingöngu hluti myglu/gróa kallar fram ónæmisviðbrögð hjá fólki og sem betur fer eru fáir útsettir fyrir þeim.

- Í greinargerðinni er nefnd ein aðferð til greiningar á húsnæði en það er að flytja tímabundið úr húsnæðinu auk þess að halda heilsufarsskrá. Þessi aðferð virkar best þegar að fólk er ekki meðvitað um hvers vegna flutningur úr húsnæðinu á sér stað.


Umræðan um myglu hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur ekki skýringar á þessu en aukin eftirspurn hefur verið eftir húsnæðisskoðunum. Því er öll umræða og vinna er miðar að því að lágmarka skaða af völdum myglu mjög af hinu góða.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands vill því að lokum ítreka að ef þingsályktunartillagan nái fram að ganga, muni starfshópurinn fyrst og fremst endurskoða lög og reglur á sviði byggingarmála með það fyrir augum að lágmarka það tjón sem hlýst að lélegu byggingarefni, of miklum hraða í uppbyggingu húsnæðis og til að tryggja að húsnæði uppfylli ma. kröfur um loftun.

Embættið áréttar hins vegar áhyggjur sínar af útfærslu bóta ef greiða á bætur til þeirra sem telja sig búa í heilsuspillandi húsnæði eða verða fyrir heilsutjóni, nema ef slíkt megi rekja til galla í húsnæðinu.

Með bættum húsnæði skiptir umgengi íbúa og viðhald eignar meira máli en áður þegar húsnæði „loftaði sig sjálf“. Danir hafa farið þá leið að tryggja einnig loftræstingu í gluggarýmum með það fyrir augum að koma í veg fyrir að íbúar geti með hegðun sinni, ýtt undir rakamyndun (og þar með myglu) í húsnæði. Slíkt ákvæði mætti setja í íslenskar reglur.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


María Berg Guðnadóttir
heilbrigðisfulltrúi